



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

CRD IV gagnaskil 2016

Kynning á áætlun FME 17. desember
Hjálmar Stefán Brynjólfsson og Valdimar Þorkelsson

Efni kynningarinnar

1. Áætlun CRD IV gagnaskila fyrir árið 2016
2. Ný gagnaskil (nýjar skýrslur) á árinu 2016
3. Stytttri skilafrestir
4. Óvissa í skilafrestum og sérstakar tilkynningar
5. Samhliða skil og lok þeirra
6. Endurskoðun gagnaskila (aflagðar skýrslur)
7. Framsending gagna til EBA
8. Q&A síða á vef Fjármálaeftirlitsins



1. Áætlun FME vegna ársins 2016

- Sjá [áætlun](#) sem er aðgengileg á vefnum (undir *Þjónustugátt -> Rafræn skil -> XBRL -> CRD IV gögn*)
- Um er að ræða heildaryfirlit yfir öll gagnaskil sem tengjast CRD IV löggjöfinni
- Á yfirlitinu koma fram helstu frávík og mikilvæg atriði til að huga að vegna hverrar skýrslu
- Fjármálaeftirlitið hvetur fjármálafyrirtæki sérstaklega til að kynna sér [vegvísi EBA](#) um gagnaskil og þróun gagnalíkana vegna einstakra skýrsluforma



1. Áætlun FME vegna ársins 2016

- COREP (XBRL) skýrslan verður með sama sniði og verið hefur – fjármálafyrirtæki ættu á árinu 2015 að hafa kynnst henni og fengið úrlausn álitamála sem henni tengjast
- Stórar áhættuskuldbindingar (XBRL) skýrslan verður með sama sniði og verið hefur – fjármálafyrirtæki ættu á árinu 2015 að hafa kynnst henni og fengið úrlausn álitamála sem henni tengjast



1. Áætlun FME vegna ársins 2016

- FINREP (XBRL) skýrslan hefur verið tekin í notkun fyrir samstæður, gera þarf ráð fyrir þröskuldum og óreglulegum skilum vegna einstakra hluta skýrslunnar að því er varðar samstæður
- Fjallað verður sérstaklega um FINREP (XBRL) skýrsluna á móðurfélagsgrunni seinna í kynningunni



1. Áætlun FME vegna ársins 2016

- Hafin var söfnun gagna varðandi vogunarhlutfall (e. leverage ratio) þann 30. nóvember sl.
 - Lítil reynsla komin á skýrsluna, uppfærsla fyrirsjáanleg (sjá síðar í kynningunni)
 - Spurningar skal senda á netfangið crdiv@fme.is, þaðan verða fyrirspurnir sendar á viðeigandi sérfræðinga
- Hafin var söfnun gagna varðandi heildarkostnað vegna taps á fasteignaveðlánum (e. IP losses) þann 30. nóvember sl.
 - Lítil reynsla komin á skýrsluna
 - Gögn sem borist hafa virðast ekki uppfylla kröfur FME
 - Spurningar skal senda á netfangið crdiv@fme.is, þaðan verða fyrirspurnir sendar á viðeigandi sérfræðinga



1. Áætlun FME vegna ársins 2016

- Nýjar skýrslur teknar í gagnið á Q1 2016
 - a. „Forbearance“ hluti FINREP
 - b. FINREP (M)
 - c. Kvaðir á eignum og fjármögnunaráætlanir
 - d. Vogunarhlutfall
- Allar CRD IV skýrslurnar komnar í gagnið eftir Q1 2016
- Eldri COREP/FINREP skýrslur felldar niður eftir Q1 2016 skilin (þ.e. um miðjan maí) – samhliða skilum hætt þá
- Um alla ofangreinda þætti er fjallað nánar í kynningunni



2. Ný gagnaskil: Forbearance

- Fyrstu skil á Forbearance hluta FINREP skýrslunnar (töflur 18 og 19) áætluð þann 11. febrúar nk., um er að ræða seinkuð gagnaskil þar sem veittir hafa verið frestir á árinu 2015
- Þessi skil ná til að byrja með einungis til aðila sem skila FINREP á samstæðugrunni
- Varðandi efni taflna 18 og 19 er vísað til kynningar sem haldin var í FME [þann 25. ágúst sl.](#)



2. Ný gagnaskil: Kvaðir á eignum / fjármögnunaráætlanir

- Nýjar skýrslur:
 - Kvaðir á eignum (e. Asset Encumbrance) og
 - Fjármögnunaráætlun (e. Funding plan)
verða teknar í notkun frá og með 31. mars 2016
- Fyrri skýrslan ný, fjármálafyrirtæki hvött til að kynna sér efni hennar nú þegar – **sérstaklega þá þröskulda sem skýrslan felur í sér m.t.t. gagnaskila**
- Seinni skýrslan er ekki ný af nálinni, kallað hefur verið eftir henni frá viðskiptabönkum vegna SREP sl. ár
- Kynning á skýrslunum fyrirhuguð þann 25. febr. 2016
 - Spurningar skal senda á netfangið crdiv@fme.is, þaðan verða fyrirspurnir sendar á viðeigandi sérfræðinga



2. Ný gagnaskil: FINREP fyrir móðurfélög

- Hjá EBA hefur á árinu 2015 verið unnið að gerð gagnalíkans sem gerir eftirlitsstofnunum, þ.m.t. FME, kleift að kalla eftir FINREP skýrslu fyrir móðurfélög
- Gagnalíkanið er loksins tilbúið og áætlað er að skýrslan verði tekin í gagnið 31. mars nk.
 - Sú dagsetning er sett fram með fyrirvara
- Tilkynnt verður sérstaklega um endanlega dagsetningu fyrir 1. mars nk.
- Áréttað að skilin 31. mars nk. taka einnig til Forbearance hluta FINREP (töflur 18 og 19)



2. Uppfærð gagnaskil: Vogunarhlutfall

- Fjármálafyrirtæki þurfa á árinu 2016 að gera ráð fyrir því að skýrsluformið vegna vogunarhlutfalls (e. leverage ratio) muni verða uppfært
- Drög að breytingatæknistaðli liggja þegar fyrir, en Framkvæmdastjórn ESB á eftir að samþykkja hann
- Eftir samþykkt breytinganna styður formið við afleiddu reglugerðina um útreikning á vogunarhlutfalli, 2015/62
- Tilkynnt verður sérstaklega um endanlega dagsetningu



3. Stytttri skilafrestir

- Eins og komið hefur fram á kynningum FME, dags. [10. desember 2014](#), [9. apríl sl.](#), [27. maí sl.](#) og [25. ágúst sl.](#), eru skilafrestir á CRD IV skýrslum styttri en vegna núverandi gagnaskila
- Skila þarf skýrslum 6 vikum eftir uppgjörsdagsetningar
 - Skiladagsetningar eru bundnar inn í tæknistaðalinn um gagnaskil
- Heimilt/nauðsynlegt verður að skila inn óendurskoðuðum tölum



4. Óvissa í skilafrestum

- Ekki er enn hægt að fastsetja með vissu allar dagsetningar í áætluninni fyrir árið 2016
- Sérstakar tilkynningar verða því sendar út vegna:
 - a) FINREP (XBRL) skýrslu vegna móðurfélaga og
 - b) uppfærðrar skýrslu um vogunarhlutfall.



5. Samhliða skil og lok þeirra

- Líkt og fjármálafyrirtæki hafa orðið vör við eru samhliða skil yfirstandandi vegna eldri COREP/FINREP skýrslna, þ.e. skýrslna sem verið er að leysa af hólmi með nýju XBRL skýrslunum
- Fyrirhuguð lok samhliða skila verða eftir Q1 2016 skil
 - Miðað er við að samhliða skilum ljúki með 12. maí skilunum á næsta ári
- FME vekur þó athygli á að **samhliða skila kunni að verða krafist lengur** verði XBRL gagnagæði ófullnægjandi eða tafir á gildistöku viðeigandi tæknistaðla



6. Endurskoðun gagnaskila

- Eftirfarandi skýrsluform FME leggjast af um áramót:
 - Stórar áhættuskuldbindingar
 - Útlán og vanskil
 - Yfirlit yfir lán með veði í íbúðarhúsnæði
 - Yfirlit yfir lán með í hlutabréfum eða öðrum verðbréfum
 - Kröfur/skuldir við erlenda aðila sundurliðað eftir löndum
 - Yfirlit yfir langtímalántöku utan Íslands, staða og hreyfingar
- Upplýsingar um endurskoðun gagnaskila birtast m.a. í almenna skýrsluskilayfirlitinu fyrir árið 2016 sem sent verður út fyrir lok mánaðarins.
- Áfram verður unnið á árinu 2016 að endurskoðun gagnasöfnunar FME og því að leggja af eldri skýrslur, sé efnisleg skörun milli þeirra og upplýsinga í CRD IV gagnaskilunum



7. Fyrirhuguð framsending gagna

- Fjármálaeftirlitið mun senda gögn til EBA á árinu 2016 – nákvæm dagsetning er ekki fyrirliggjandi, en hún veltur á upptöku EBA reglugerðarinnar í EES-samninginn
- Eftir upptöku EBA reglugerðarinnar í EES-samninginn verður eftirlitinu skylt að framsenda slík gögn



8. Spurt og svarað (e. Q&A) síða á vef Fjármálaeftirlitsins

- Unnið er að gerð spurt og svarað (e. Q&A) síðu á vef FME
- Síðan verður birt sem undirsíða hér:
<http://www.fme.is/eftirlitsstarfsemi/crd-iv/> fyrir 10. janúar nk.
- Á síðunni verður að finna fyrirspurnir fjármálafyrirtækja og svör FME við þeim, sem stofnunin telur að eigi erindi við öll fjármálafyrirtæki
- FME minnir einnig á [Q&A á vefsíðu EBA](#), og að fjármálafyrirtæki geta sent fyrirspurnir til EBA
- FME hvetur íslensk fjármálafyrirtæki eindregið til að nýta sér möguleikana sem felast í vefsíðu EBA



